

21. apríl 2006

Umsögn um frumvarp til laga, 669. mál, EES reglur.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2679/98 frá 7. desember 1998 um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Eimskipafélag Íslands gerir athugasemd við 1. gr lið b) í samþykkt reglugerðarinnar.

Eimskipafélag Íslands telur skilgreiningu á hugtakinu *hindrun* í b) lið 1. gr reglugerðarinnar ónákvæma. Í greininni kemur fram að merking hugtaksins *hindrun* feli í sér hindrun frjálsra vöruflutninga milli aðildarríkja sem valdi einstaklingum alvarlegu tjóni. Eimskipafélag Íslands telur að bæta ætti *lögaðilum* inn í liðinn svo það komi skýrt fram að hindranir sem hafa í för með sér alvarlega röskun á frjálsum vöruflutningum skuli hvorki valda einstaklingum né fyrirtækjum sem þær bitna á alvarlegu tjóni. Alvarleg röskun á frjálsum vöruflutningum myndi fremur bitna á flutningsfyrirtækjum, svo sem með vegatálmum eða skemmdum á flutningsförum, og/eða eigendum farmsins (sem einkum eru fyrirtæki), svo sem með eyðileggingu á varningi, en einstaklingum.


Orðalag b) lið 1. greinar mætti því vera svohljóðandi:

b) veldur einstaklingum eða lögaðilum, sem hún bitnar á,
alvarlegu tjóni, og

Að svo stöddu gerir Eimskipafélag Íslands ekki aðrar athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt

EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS EHF.



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1956
komudagur 2.5.2006



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2006.

**Frumvarp til laga um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa
vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðins.**

Við þökkum mótttekið bréf Allsherjarnefndar Alþingis dags 12. apríl s.l. þar sem óskað er
umsagnar um ofangreint lagafrumvarp.

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu telja gildistöku þessara laga jákvætt skref og gera
ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Tryggvi Þór Ágústsson', written over a horizontal line.

Tryggvi Þór Ágústsson

samrit sent í tölvupósti

Alþingi
Erindi nr. P 132/2010
komudagur 3. 5. 2006



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara allsherjarnefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 02.05.2006
Tilv. 2005/0037

GT


Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 669. mál, frumvarp til laga um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins (132. löggjafarþing)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 12. apríl sl., um ofangreint þingmál og beðist velvirðingar á að ekki gafst færi á að skila umsögn innan gefins frests.

Meðal hlutverka embættis talsmanns neytenda er skv. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 62/2005 að setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“ og með hliðsjón af því takmarka ég umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda.

Ég tel þingmálið í samræmi við hagsmuni neytenda enda er nauðsynlegt vegna þeirra að vöruflutningar innan Evrópska efnahagssvæðisins séu ekki aðeins formlega frjálsir heldur einnig frjálsir í raun eins og frumvarpinu er ætlað að stuðla að. Ég fellst á þá niðurstöðu sem gerð er grein fyrir í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu um að reglugerð þessa þurfi að innleiða í íslenskan landsrétt með lögum. Á hinn bóginn tel ég að sú lagatæknileið sem orðið hefur fyrir valinu í þessu tilviki – að innleiða efni reglugerðar ESB nr. 2679/98 frá 7. desember 1998 með sérstökum lögum – sé ekki til fyrirmyndar enda kann að verða erfitt að henda reiður á réttarheimildum ef fjöldi sérлага verður mikill og samhengi ekki tryggt við önnur lög og aðrar réttarheimildir. Þar sem reglugerðin kveður ekki á um beinan rétt eða skyldu í neytendaviðskiptum geri ég þó ekki athugasemdir við að þessi leið sé farin nú.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,


Gísli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavemd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrir mælum frá öðrum



Tollstjórnin í Reykjavík

DIRECTORATE OF CUSTOMS

Alþingi
Erindi nr. P 132/2040
komudagur 3.S. 2066

Dagsetning/Date
4. maí 2006

Tilvísun/Reference

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruf lutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins

Vísað er til erindis allsherjarnefndar 12. apríl s.l., þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um frumvarp til laga um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruf lutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Til svars erindinu skal tekið fram að hlutverk tollyfirvalda er m.a. að tryggja framkvæmd ákvæða EES-samningsins um frjálsa vöruf lutninga innan EES-svæðisins. Að því er tollyfirvöld varðar snýr þetta frelsi fyrst og fremst að tollmeðferð vara og tollaívilnunum sem samningurinn kveður á um varðandi vörur sem fullnægja nánar tilgreindum skilyrðum um uppruna á svæðinu. Jafnframt gerir samningurinn ráð fyrir að samningsaðilar, þ.m.t. tollyfirvöld, greiði fyrir viðskiptum með slíkar vörur með því að einfalda formsatriði og eftirlit á landamærum þannig að viðskipti geti gengið hindrunarlaust fyrir sig milli þeirra sem viðskipti eiga á svæðinu.

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins um ákvæði reglugerð EB-ráðsins nr. 2679/98, sem gert er ráð fyrir að lögfesta samkvæmt nefndu frumvarp, er meginmarkmið ákvæða hennar að koma í veg fyrir alvarlegar hindranir á frjálsum vöruf lutningum, svo sem vegna vegatálma eða eyðileggingar á varningi. Samkvæmt því er hér um að ræða málefni sem snerta almenna löggæslu sem sinnt er af lögreglu. Kemur því ekki almennt til kasta tollyfirvalda þegar um nefndar hindranir er að ræða. Tollgæslan getur þó komið að slíkri löggæslu þegar hún annast eða aðstoða við löggæslu, sbr. 4. töl. 9. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Þótt gera verði ráð fyrir venju samkvæmt að framkvæmd ákvæða reglugerðarinnar verði í höndum þess ráðherra sem lagði frumvarpið fram, þ.e. dómálaráðherra, svo og lögregluvalda er spurning hvort ekki væri til bóta að einhver slík efnisleg ákvæði væri að finna í lögnum sjálfum, t.d. með vísan til lögreglulaga. Að öðru leyti gerir embættið ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. tollstjórans í Reykjavík

Sigurgeir A. Jónsson



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 132/1736
komudagur 24.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2006.

Efni: Frumvarp til laga um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga inna Evrópska efnahagssvæðisins (669. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér innleiðingu á EES-gerð sem tekur til reglugerðar Evrópuráðsins nr. 2679/98 frá 7. desember 1998 um starfsemi Innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkja.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson